

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 177/2007, um Stjórnarráð Íslands.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að ég, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, staðfesti svohljóðandi reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 177/2007, um Stjórnarráð Íslands:

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. reglugerðarinnar:

- a. Á eftir 4. tölul. kemur nýr töluliður sem orðast svo: Forustu og verkstjórn innan Stjórnarráðs Íslands.
- b. Á eftir orðunum „Skiptingu starfa“ í 6. tölul. kemur: og samhæfingu þeirra.
- c. Á eftir 7. tölul. kemur nýr töluliður sem orðast svo: Umbætur í löggjöf og stjórnsýslu.
- d. 12., 14., 17. og 18. tölul. falla brott.

#### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðanna „Dóms- og kirkjumálaráðuneyti“ í inngangsmálslið kemur: Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti.
- b. 14. tölul. fellur brott.
- c. Á eftir orðunum „til Alþingis“ í 16. tölul. kemur: kosningar til sveitarstjórna.
- d. Við bætast þrjár nýir töluliðir sem verða 25.-27. tölul. og orðast svo:
  1. Fasteignaskráningu og fasteignamat.
  2. Neytendavernd, þar á meðal alferðir.
  3. Vog, mál og faggildingu. Vöruöryggi.

#### 3. gr.

9., 12. og 13. tölul. 5. gr. reglugerðarinnar falla brott.

#### 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðsins „Menntamálaráðuneyti“ í inngangsmálslið kemur: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.
- b. Á eftir orðinu „fjölmíðla“ í 10. tölul. kemur: þ.m.t. prentmiðla.

#### 5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðsins „Samgönguráðuneyti“ í inngangsmálslið kemur: Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti.
- b. Orðið „sveitarstjórnarkosningar“ í 10. tölul. fellur brott.

#### 6. gr.

Á eftir orðunum „erlend ríki“ í 4. tölul. 12. gr. reglugerðarinnar kemur: þ.m.t. norræna samvinnu.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðsins „Viðskiptaráðuneyti“ í inngangsmálslið kemur: Efnahags- og viðskiptaráðuneyti.
- b. 6. og 7. tölul. falla brott.
- c. Við bætast fimm nýir töluliðir sem verða 10.-14. tölul. og orðast svo:
  1. Seðlabanka Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (IMF).
  2. Hagstjórn almennt.
  3. Mat á þróun og horfum í efnahagsmálum.
  4. Hagstofu Íslands.
  5. Endurskoðendur og framkvæmd bókhalds- og ársreikningalaga.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 8. gr. laga nr. 73/1969, öðlast gildi 1. október 2009.

*Gjört á Bessastöðum, 18. september 2009.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Jóhanna Sigurðardóttir.*